

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

#### *Veghúsastígur 9 og 9a.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 31. mars 2016 breytingu á deiliskipulagi Skúlagötusvæðis vegna lóðanna nr. 9 og 9A við Veghúsastíg. Í breytingunni felst breytt notkun íbúðarhúsnæðis á vestari hluta lóðar í íbúðar- og/eða atvinnuhúsnæði, heimild til reksturs gistiheimilis í flokki I, II eða III, að rífa núverandi tengibyggingu á baklóð og byggja nýja tengibyggingu með kjallara milli húsanna, stækkun á byggingarreit, hækkun á nýtingarhlutfalli o.fl. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Kjalarnes, Sætún.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 7. apríl 2016 breytingu á deiliskipulagi jarðarinnar að Sætúni I, Kjalarnesi. Í breytingunni felst sameining tveggja lóða í eina og breyting á byggingarreit. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 3. maí 2016.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 20. maí 2016